

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Kómedíuleikhúsið, kt. 640401-2650, Vallargötu 3, Þingeyri, gera með sér svohljóðandi

viðauka við samning milli Ísafjarðarbæjar og Kómedíuleikhússins um afnot af húsnæði Ísafjarðarbæjar að Vallargötu 3 á Þingeyri

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 1. gr. samningsins bætist eftirfarandi:

„og endurgjaldslausum afnotum húsnæðis að efri hæð Vallargötu 3 á Þingeyri. Húsnæðið skal nýtt fyrir æfingar, skrifstofuaðstöðu, hljóðver, geymslu leikmuna og aðra starfsemi leikhússins“

2. gr.

3. mgr. 2. gr. samningsins verður eftirfarandi:

„Ísafjarðarbær afhendir Kómedíuleikhúsinu húsnæðið til afnota með eftirfarandi skilmálum:

- a) Kómedíuleikhúsið skal hafa gjaldfrjáls afnot af efri hæð hússins, þ.e. öllu rými nema stóra bókaherberginu (merkt „bókasafn“ á grunnteikningum).
- b) Kómedíuleikhúsinu er heimilt að halda námskeið í húsnæðinu, sjálf eða í samstarfi við aðra aðila.
- c) Ísafjarðarbær greiðir rekstrarkostnað hússins, s.s. hita og rafmagn, fasteignagjöld, og tryggingar, en um er að ræða kostnað að fjárhæð um 450.000 kr. árlega.
- d) Ísafjarðarbær sér um viðhald húsnæðisins utan húss í samræmi við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar hvers árs.“

3. gr.

2. mgr. 3. gr. samningsins verður eftirfarandi:

„Varðandi afnot húsnæðis að Vallargötu 3 eru skyldur Kómedíuleikhússins eftirfarandi:

- a) tekur við húsnæðinu í því núverandi ástandi og gerir ekki kröfur um viðhald þess
- b) sér til þess að orkunotkun fari ekki fram úr hófi
- c) sér til þess að húsnæðið sé snyrtilegt og vel gengið um það
- d) er heimilt og/eða skylt að veita öðrum afnot húsnæðisins í samráði við Ísafjarðarbæ
- e) upplýsir Ísfjarðarbæ ef regluleg starfsemi hættir og/eða leikhúsið flytur úr húsinu, en fellur þá afnotaheimild þessi niður.
- f) upplýsir Ísafjarðarbæ um það sem er ábótavant við húsnæðið eða skortir viðhald. Upplýsingar skulu berast strax og upp kemur um atriði sem geta leitt af sér tjón á húsnæðinu, s.s. leki eða brotnar rúður.“

4. gr.

Aftan við 1. mgr. 6. gr. samningsins bætist eftirfarandi:

„Við lok samnings skal húsnæðinu skilað í sama ástandi og það var við móttöku.“

5. gr.

5. mgr. 6. gr. samningsins verður eftirfarandi:

„Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði.“

Ísafjarðarbæ, 2023

F.h. Kómedíuleikhússins

F.h. Ísafjarðarbæjar